

Stuðningsúrræðið tilsjón í barnaverndarmálum

Október 2011

María Gunnarsdóttir


MA-rannsókn

- ▶ Rannsóknin var gerð frá október 2010 til apríl 2011.
- ▶ Í október fékkst leyfi persónuverndar.
- ▶ Í desember gaf Vísindasiðanefnd leyfi fyrir rannsókninni.
- ▶ Handleiðari rannsóknarinnar var Anni G. Haugen frá Félagssráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Markmið rannsóknarinnar

- ▶ Markmið rannsóknarinnar var að skoða vinnuaðferðir félagsráðgjafa í barnavernd gagnvart foreldrum og börnum þegar stuðningsúrræðið tilsjón er notað.
- ▶ Að kanna hvenær úrræðinu var beitt þ.e.a.s. hver var vandi fjölskyldna sem notaði úrræðið og í hvers konar fjölskyldum var tilsjón notað.
- ▶ Einnig var tilgangur rannsóknarinnar að skoða uppbyggingu úrræðisins og reynslu þátttakenda af tilsjón


Rannsóknarspurningar

- ▶ Hvernig er vinnuaðferð félagsráðgjafa í barnavernd þegar þeir beita stuðningsúrræðinu tilsjón í barnaverndarmálum?
 - ▶ Hvernig er stuðningsúrræðið tilsjón uppbyggt?
 - ▶ Hvenær er beitt stuðningsúrræðinu tilsjón í barnaverndarmálum?
 - ▶ Hver er reynslan af stuðningsúrræðinu tilsjón?
- 


Aðferðarfræði rannsóknarinnar

- ▶ Eigindleg rannsókn
- ▶ Tvær barnaverndarnefndir A og B tóku þátt í rannsókninni.
- ▶ Tekin voru viðtöl við fjóra félagsráðgjafa í barnavernd og tvær fjölskyldur þ.e.a.s. tvær mæður og tvö börn.
- ▶ Skoðaðir voru fimm tilsjónasamningar og sex umsóknir um tilsjón sem gerðir voru á árinu 2009.
- ▶ Félagsgjafar svöruðu spurningalista fyrir fjölskyldur sem notuðu tilsjón á árinu 2009, um var að ræða 37 fjölskyldur.


Mynd 1. Búseta barnanna




Mynd 2. Forsjá




Mynd 3. Helsta tekjulind foreldra




Mynd 4. Búsetustaða fjölskyldunnar




Mynd 5. Menntun foreldra



Mynd 6. Aldur foreldra




Mynd 7. Aldur barnanna




Mynd 8.

Ástæða afskipta barnaverndarnefndar



Mynd 9. Stuðningsúrræði



Erfiðleikar hjá fjölskyldunum

- ▶ Félagssráðgjafarnir voru sammála um að tilsjón væri helst notað þegar um vanrækslu gagnvart börnum væri um að ræða t.d. skortur á viðeigandi fatnaði, lélegar mætingar barna í skóla/leikskóla, leiðbeiningar varðandi uppeldi barna og þörf á að koma reglu á heimilishald og fjármál.
- ▶ Þeir útilokuðu ekki að nota mætti tilsjón í ólíkum málum og töldu að ekki væri hægt að einblína á eina tegund barnaverndarmála.
- ▶ Mæðurnar í rannsókninni áttu við geðræna erfiðleika að stríða og þurftu aðstoð við að koma skipulagi á heimilishaldi, aðstoð við heimanám barnanna og uppeldislega ráðgjöf.

Markmið með tilsjón- viðhorf félagsráðgjafana í rannsókninni

- ▶ Markmið tilsjónar geta verið mismunandi og fer það eftir þörfum hverrar fjölskyldu.
- ▶ Dæmi um markmið: uppeldisráðgjöf til foreldra, aðstoða foreldra við að skipuleggja heimilislífið, aðstoða börnin með heimanám, koma reglu á fjármálin, aðstoða foreldra við aðrar stofnanir eins og að semja um skuldir hjá innheimtufyrirtækjum ofl.

Markmið tilsjónar frh.

- ▶ Einn félagráðgjafi í rannsókninni fjallaði um mikilvægi þess að vinna samhliða með tengsl foreldra og barna ásamt því að leiðbeina foreldrum um reglur og heimilishald.
- ▶ *...mikilvægt að tilsjón komi inn og horfi á ... þessi tengsl milli móður og barns, hvernig er móðirin að tengjast barninu, það þarf ekki bara að kenna henni reglur, heldur að horfa á barnið þitt, brosir þú til þess, ertu að lesa fyrir það ... gefur þú þér tíma ..?*

Markmið tilsjónar- frh.

- ▶ Félagssráðgjafarnir litu á tilsjón sem fyrst og fremst stuðningsúrræði en hluti af hópnum leit einnig á tilsjón sem eftirlitshlutverk, eftirlitshlutverkið getur bæði verið sýnilegt og ósýnilegt fyrir foreldrum.
- ▶ *Tilsjónaraðilinn, já [veit um eftirlitið], kannski ekki alltaf foreldrarnir. Stundum segjum við að nú þurfum við að fylgjast með þér sérstaklega. Ef það er drykkja eða þannig hlutir þá segjum við að hún [tilsjónarstarfsmaðurinn] [sé] líka til að fylgjast með.*


Markmið tilsjón-frh.

- ▶ Einn félagsráðgjafi sem taldi að tilsjón væri ekki eftirlisthlutverk vildi meina að þær upplýsingar, sem félagsráðgjafar fá við það að hafa tilsjón, séu ekki eftirlit heldur frekari vitneskja um málið.
- ▶ *Fyrst og fremst stuðningsúrræði, mér finnst ekki rétt að senda tilsjón inn sem eftirlit þó að auðvita berist upplýsingar og annað frá tilsjón, sem það er kannski í eðli sínu, en það er bara frekari vitneskja sem við fáum og hvort það er rétt að kalla það eftirlit, ég veit það ekki. En mér finnst allavega að tilsjón eigi ekki að vera eftirlit, ekki beinlínis.*

Markmið tilsjónar-mæðurnar

- ▶ Sjónarhorn félagsráðgjafanna í rannsókninni samræmdust vel þeim markmiðum sem mæðurnar nefndu í rannsókninni en þar var fyrst markmið tilsjónar að aðstoða börn þeirra við heimanám sem síðan þróaðist í það að vera persónulegur stuðningur við mæðurnar.

Mynd 10. Markmið tilsjónar



Tilsjónarstarfsmenn

- ▶ Starfsmennirnir voru annað hvort í verktakavinnu eða fastráðnir.
- ▶ Menntun starfsmanna var mismunandi en allir höfðu einhverja menntun t.d. félagsfræði, listmenntun og sjúkraliðamenntun.
- ▶ Allt konur fyrir utan einn karlmann en hann sinnti aðallega óboðuðu eftirliti.
- ▶ Starfsaldur var mismunandi en sá sem hafði unnið lengst hafði verið að störfum í sex ár.

Tilsjónarstarfsmenn, frh.

- ▶ Tilsjónarstarfsmennirnir höfðu ekki fengið mikla þjálfun eða leiðbeiningar til að takast á við starfið.
- ▶ Endurmenntun sjaldan í boði nema þegar verið var að fara með foreldrum á námskeið.
- ▶ Félagssráðgjafarnir töldu mikilvægt að tilsjónarstarfsmennirnir fengju þjálfun.
- ▶ *Tilsjónarfólkið okkar vinnur alveg gífurlega mikilvæga vinnu og er ekkert þjálfað ... Þau fá ekki einu sinni bækling í hendurnar þegar þau mæta ... Það er bara lagt í hendurnar á þeim, svona brjóstvitið.*

Tilsjónarstarfsmenn, frh.

- ▶ Tilsjónarstarfsmennirnir hafa ekki sýnilegan yfirmann en það töldu félagsráðgjafarnir mikinn ókost en það hefur leitt til þess að enginn sérstakur aðili er ábyrgur fyrir úrræðinu.
- ▶ *...það þarf að vera einhver yfir [tilsjónarmönnunum],... Það þarf að hafa skipulag ... deildastjóra yfir þessari deild, sem ætti að hafa ábyrgðina en það hefur ekki verið beint þannig ...*

Handleiðsla

- ▶ Tilsjónarstarfsmenn fá handleiðslu hjá félagsráðgjöfunum en alla jafna er ekkert skipulag á því hvenær félagsráðgjafarnir hafa samband við tilsjónarmennina heldur gera þeir það frekar eftir mati hvers og eins. Auk þess er starfsmönnum boðið að hafa samband við félagsráðgjafana þegar þeir telja þörf á handleiðslu.
- ▶ Félagsráðgjarnir voru sammála um að ramma mætti handleiðsluna betur inn og gera hana markvissari en hún er í dag þar sem starfsmennirnir eru mikið einir á vettvangi inni á heimilum fjölskyldanna og lenda í fjölbreyttum aðstæðum.


Tafla 1. Tilsjónasamningar og umsóknir um tilsjón

Númer	Tilsjónasamningar						Umsóknir um tilsjón					
	1	2	3	4	5		1	2	3	4	5	
Nafn þjónustuþega	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Markmið með úrræðinu		X	X				x	X	X	x	x	X
Tímabil	X	X	X	X	X					X	X	
Fjöldi tíma á mánuði	X	X	X	X			X	X	X	X	X	
Stuðningur við barn												
Samráðsfundi												
Skýrslugerð	X	X	X	X	X					X	X	
Varðveisla persónuupplýsinga												
Greiðslur	X	X	X	X	X							
Þagnarskylda	X	X	X	X	X							
Uppsagnarákvæði	X	X	X	X	X							

Tilsjónasamningar

- ▶ Foreldrar og börn skrifa ekki undir tilsjónasamninga.
- ▶ Að mati félagsráðgjafa er mikilvægt að tilsjónasamningarnir séu bæði sýnilegir foreldrum og tilsjónarstarfsmönnum því það að foreldrar og tilsjónarmenn fari sameiginlega yfir tilsjónasamninginn er frekar hægt að koma í veg fyrir misskilning og meiri líkur á að þeir hafi sama skilning á markmiðunum.

Mynd 11. Áætlun um meðferð máls



Skýrslugerð

- ▶ Tilsjónastarfsmenn skrifa alla jafna dagála og skila inn skýrslu þegar félagsráðgjafar óska eftir því.
- ▶ Að mati félagsráðgjafana þyrfti að koma betra skipulagi á þennan þátt starfsins því ekki hefur verið nógu vel skilgreint hvernig þessar skýrslur eiga að vera auk þess sem félagsráðgjafar óska ekki alltaf eftir þessum skýrslum.
- ▶ *...greinargerðin er bara alveg eins og dagnótur ... tilsjónarfólkið ... segir persónulega frá því, það hefur enga þjálfun í að skrifa svona...*

Upplifun félagsráðgjafa varðandi samráð í tengslum við tilsjón

- ▶ Félagsráðgjafar hafa alla jafnan frumkvæði að því að ræða við foreldra um þá hugmynd að fá tilsjón inn á heimilið.
- ▶ Félagsráðgjafar gera grein fyrir mikilvægi tilsjónar og fara yfir markmiðin sem þeir vilja ná fram með henni.
- ▶ Foreldrar fá síðan tækifæri á að segja sína hlið á málinu og koma með tillögur að markmiðum.
- ▶ Þeir foreldrar sem eru jákvæðir gagnvart tilsjón eru oftast tilbúnir að taka þátt í samáði varðandi markmið tilsjónar en samningaferlið verður allt miklu erfiðara ef foreldrar samþykka ekki tilsjón því þeir hafa þá yfirleitt ekki áhuga á að setjast niður og ræða markmiðin.

Upplifun félagsráðgjafa, frh.

- ▶ Að mati félagsráðgjafana er ekki mikið um að haft sé samráð við börnin í tengslum við tilsjón. Það er frekar gert þegar um málefni unglinga er að ræða og að markmið tilsjónar beinist sérstaklega að þeim.
- ▶ Félagráðgjafarnir sáu möguleika í að hafa börnin meira með.
- ▶ *Já, alveg. Það fer svolítið eftir krökkunum en ... ég held það, þau eru oft mjög klár, og vita ýmislegt. Við gætum alveg gert það [að hafa börnin meira með], við vanmetum þau svolítið.*

Upplifun mæðra varðandi samráð í tengslum við tilsjón

- ▶ Mæðurnar í rannsókninni höfðu sömu sögu að segja og félagsráðgjafarnir hvað varðar samráð í tengslum við tilsjón. Það voru félagsráðgjafarnir sem buðu mæðrunum að fá tilsjón inn á heimilið.
- ▶ Vegna veikinda mæðranna þegar tilsjón kom á heimilið áttu þær erfitt með að taka þátt í samráði og samþykktu þess vegna það sem þeim stóð til boðs.
- ▶ *...félagsráðgjafinn sagðist ætla að útvega mér tilsjón og ég sagði já, ég hefði samþykkt að synda út í Viðey ef einhver hafði stungið upp á því að mér gæti hugsanlega liði þínulítið betur. Þannig að ég samþykkti allt ...*

Upplifun mæðranna, frh.

- ▶ Mæðurnar voru almennt sáttar við þann stuðning sem þær fengu og þær litu á tilsjón sem stuðning við sig vegna veikinda sinna en ekki sem eftirlit.
- ▶ Mæðurnar upplifðu ekki mikil samskipti við félagsráðgjafana á meðan tilsjón var á heimilinu.
- ▶ Önnur móðirin upplifði ekki sterk tengsl við félagsráðgjafann sinn sem gerði það að verkum að hún átti erfitt með að eiga frumkvæði að því að leita til hans. Henni fannst félagsráðgjafinn sleppa of fljótt af henni hendinni þegar tilsjónarstarfsmaðurinn var kominn inn í málið vegna þess hve veik hún var á þeim tíma.

Upplifun barna varðandi samráð í tengslum við tilsjón.

- ▶ Ekkert samráð var haft við börnin sem samræmist ágætlega mati félagsráðgjafanna í rannsókninni en þeir töldu að þátttaka barna í tengslum við tilsjón væri takmörkuð.
- ▶ Börnin könnuðust ekki við að hafa hitt félagsráðgjafa sinn né rætt við hann.
- ▶ Thelma (barn) mundi ekki eftir tilsjónarmanninum sem var á heimilinu þó að eitt af markmiðunum var að aðstoða hana við heimanám.
- ▶ Helena (barn) mundi aftur á móti eftir tilsjónarmanninum sem aðstoðaði hana við að læra heima.

Upplifun Helenu

- ▶ Helenu fannst gott að fá tilsjónarmann til að aðstoða hana með heimanám
- ▶ *Hún var rosalega fín og það var erfitt heima þannig að hún gat hjálpað mér með lærdóminn og ég gat einbeitt mér betur með henni ... Það var þægilegt þegar hún kom og hjálpaði mér, svona ákveðinn stöðuleiki í kringum það ...*

Upplifun Helenu, frh

- ▶ Helena telur mikilvægt að huga vel að þátttöku barna þegar verið er að vinna að málefnum barnaverndar.
- ▶ *Mér finnst að börnin ættu að hafa eitthvað með þetta að segja, þau búa á heimilinu líka og þurfa að lifa í þessum aðstæðum. Þá finnst mér að sjálfsögðu að börnin ættu að fá að taka þátt svo þau þurfi ekki bara að byrgja þetta inn í sér og vera bara úti í horni og mega ekki gera eitt né neitt.*

Upplifun Helenu, frh

- ▶ Helenu fannst einnig mikilvægt að börn séu upplýst um stöðu mála miðað við aldur þeirra og þroska. Þegar Helena var yngri vildi hún helst ekki vita af veikindum móður sinnar sem varð til þess að hún tók ekki þátt í umræðu þó að það stæði stundum til boða.
- ▶ *... Þótt að börnin séu ung og þau skilja ekki endilega allt þá má alveg útskýra eitthvað smá fyrir þeim svo þau standa ekki bara þarna alveg ringluð ... Kannski er hægt að ... útskýra fyrir barninu að mamma þín sé mjög veik, hún er ekki hún sjálf núna og þess vegna lætur mamma þín svona skríngilega í staðinn fyrir að barnið horfi bara á mömmu og hugsu, hvað er í gangi? Kannski er hægt að útskýra aðeins þó að börnin séu ung, þannig að þau haldi ekki að mamma þeirra hafi bara farið frá þeim og allt splundrað og hrunið í kringum þau eins og hjá mér.*

Upplifun Helenu, frh

- ▶ Helena leggur áherslu á þótt um börn sé að ræða megi ekki gleyma að taka þau inn í umræðuna svo þau geti verið þátttakendur í eigin barnaverndarmáli.
- ▶ *Það var bara litið einhvern veginn á okkur sem börn þannig að við vorum tekin út úr dæminu þó að við stóðum þarna og fylgdumst með öllu ...aldrei var sagt við mig hvað væri í gangi, það var bara, núna ferð þú þangað og núna ferð þú þangað, nú ætlum við þangað og svo fer mamma og svo kemur þessi og svo bara einhvern veginn fór þetta allt í rugl.*

Þátttaka foreldra við gerð markmiða

- ▶ Mæðurnar voru ekki miklir þátttakendur við gerð markmiða með tilsjón og mundu ekki eftir að hafa undirritað gögn þar sem markmið með tilsjón kæmu skýrt fram.
- ▶ Þær upplifðu markmiðin frekar óformleg því þegar tilsjónarmaður kom á heimilið var iðulega spurt um líðan mæðranna og hvað ætti að gera í dag.
- ▶ *...mig vantaði ekki einhverja vinkonu einu sinni í viku sem kemur og drekkur með mér kaffi og spjallar um daginn og veginn. Mig vantar einhverja frekju sem skiptir sér af mér... Sem er með puttana í öllu...*

Mat á árangri

- ▶ Félagssráðgjafarnir töldu að árangur af tilsjón væri metinn í samráði við tilsjónarmanninn og foreldra. Auk þess sem óskað væri eftir upplýsingum frá skóla, sérstaklega ef markmiðin tengjast skólanum.
- ▶ Að mati félagssráðgjafana er árangur af tilsjón hvorki metinn nógu reglulega né á markvissan hátt. Þetta gerir það að verkum að tilsjón hættir stundum af sjálfu sér.
- ▶ Ekki eru nógu oft haldnir skipulagðir lokafundir með tilsjónarmönnum, foreldrum og félagssráðgjafanum þar sem farið var yfir markmiðin, árangur og staðan endurmetin. Ekki var gert ráð fyrir börnunum á þessum fundum nema þegar markmið tilsjónar sneri sérstaklega að þeim.


Mat á árangri, frh

- ▶ Félagssráðgjafarnir töluðu um að erfitt væri að meta árangur þar sem þeir hefðu engin mælitæki og þess vegna væri oft um að ræða huglægt mat.
- ▶ ... *Hvernig get ég fengið það staðfest að börnin fari alltaf í háttinn á réttum tíma ... er maturinn á þessum tíma, borða þau hollt fæði.*

Mat á árangri, frh

- ▶ Mæðurnar töluðu um ákveðna þætti sem yrðu að vera til staðar svo að meiri líkur væru á að árangur næðist af úrræðinu.
- ▶ Félagssráðgjafar verða að gera sér grein fyrir viðhorfi fjölskyldumeðlima gagnvart því að fá stuðning inn á heimilið- fólk verður að vilja aðstoðina svo að hlutirnir gangi upp.
- ▶ Einnig lögðu þær áherslu á mikilvægi þekkingar til að meiri líkur væri á að árangur náist. Félagssráðgjafi og tilsjónarmaður verða að hafa þekkingu á þeim vandamálum sem verið er að vinna með.
- ▶ Tilsjónarmaður þarf að hafa frumkvæði, ákveðinn og geta sýnt væntumþykju.

Mat á árangri, frh

- ▶ Mæðrunum fannst vanta reglulega fundi og eftirfylgni þar sem farið var yfir markmiðin með tilsjón og árangur metinn.
 - ▶ Samræmist vel viðhorfum félagsráðgjafana.
- 

Kostir úrræðisins

- ▶ Þjónustan er á heimili fjölskylduna.
- ▶ Er einstaklingsmiðuð.
- ▶ Tilsjónarmennirnir hafa möguleika á að tengjast fjölskyldunum nánari böndum þar sem þjónustan er á heimilinu.
- ▶ Með tilsjón berast yfirleitt upplýsingar um fjölskylduna sem gætu varpað nýju ljósi á aðstæður eða staðfesta áhyggjur félagsráðgjafana. Þessar upplýsingar geta verið mikilvægar til að mæta betur þörfum fjölskyldna og til að átta sig á þeim vanda sem fjölskyldurnar eiga við að glíma.

Ókostir úrræðisins

- ▶ Lítið utanumhald.
- ▶ Ekki nógu skipulagt.
- ▶ Ekki sýnilegur yfirmaður yfir úrræðinu .
- ▶ Skortur á skýrum verkferlum.
- ▶ Tilsjónarstarfsmennirnir hafa ekki viðeigandi menntun og þjálfun til að sinna starfinu.
- ▶ Skortur á handleiðslu fyrir tilsjónastarfsmennina.
- ▶ Skortur á reglulegum samráðsfundum þar sem staðan er endurmetin.
- ▶ Tilsjónasamningar þurfa að vera sýnilegri.

Framtíðarsýn

- ▶ Að bæta uppbyggingu úrræðisins, hafa skýra verkferla og sýnilegan yfirmann.
- ▶ Tilsjónasamningar þurfa að vera sýnilegir fyrir þeim sem koma að málinu.
- ▶ Halda reglulega samráðsfundi.
- ▶ Að skilgreina betur markhóp og tilgang úrræðisins.
- ▶ Að skilja stuðningsúrræðið frá eftirlitsúrræðinu.
- ▶ Auka menntun tilsjónastarfsmanna og bjóða upp á þjálfun og handleiðslu.
- ▶ Auka þátttöku barna og foreldra við gerð markmiða og við mat á árangri.
- ▶ Tryggja að persónuupplýsingar séu varðveittar á viðeigandi stað og kröfur um skýrslugerð séu uppfylltar.

Takk fyrir